

Súsanna Björg Ástvaldsdóttir

heilsugæslulæknir á Heilbrigðisstofnun
Vestfjarða á Ísafirði

susanna.astvaldsdottir@hvest.is

Öll vötn falla til Dýrafjarðar

„Gunnar er fóstursonur Sigrúnar sem er gift Erni á peysunni, en þau eiga saman þrjú börn, þá Sigurð, Jóhann og Valdimar ber að ofan.“ Þetta var það fyrsta sem ég heyrði þegar ég gekk inn á minn fyrsta morgunfund á Hvest. Mér leið eins og ég væri stödd í *Gísla sögu Súrssonar* þar til ég áttaði mig á því að um var að ræða fimmtugan karlmann með brjóstverk sem greinilega þótti ekki fullnægjandi lýsing á skjólstæðingnum. Það virtist jafnmikilvægt að vita hverra manna skjólstæðingurinn var eins og að brjóstverkurinn var þrýstingsverkur sem leiddi út í vinstri hendi. Svo hélt annar læknir áfram: „Ertu að tala um Sigrúnu sem varð vitni að því þegar Ingimundur bens keyrði á Bigga geit?“

Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið og átti erfitt með að skilja mikilvægi slíkra tengsla eins og um væri að ræða kafla úr Íslendingasögnum sem ég hélt að hefðu dáið út á síðustu áratugum eins og súrir hrútsþungar. Ég áttaði mig einnig fljótlega á því að maður þótti ekki heima-maður nema hægt væri að rekja helst fjóra

ættliði aftur hjá viðmælendum en þetta einkenndi ekki bara starfsmenn á Hvest heldur varð ég vör við þetta almennt í samfélaginu fyrir vestan. Fyrir mér hefur sagan í frásögnum ávallt verið aðalatriðið en í matarborðum þegar brydda átti upp á sögustund mátti hreinlega ekki bera upp nafn nema allir gætu áttað sig á ættliðum viðkomandi og einungis þá var hægt að halda áfram með sögunum.

Nú get ég þó sagt að eftir tæplega 9 ára búsetu á Vestfjörðum tel ég mig vera orðna hinn ágætasta „ættrekjari“ ef svo má að orði komast. Ég held fast í þessa hefð því ég hef áttað mig á mikilvægi þessa einkennis Vestfjarða sem hefur hjálpað mér að verða

betri læknir. Heimilislækn-ingar snúast meðal annars

um að hafa yfirsýn yfir fjölskyldumynstur sem getur leitt í ljós læknisfræðilega mikilvægar lykilyfðingar. Að geta staðsett ættmynstur veitir betri innsýn í manneskjuna sem getur hjálpað við greiningu og ákvörðun um réttan farveg fyrir skjólstæðinginn. Það hjálpar einnig læknum að ná betri tengslum við skjólstæðinginn þegar hann upp-

Þuríður Vilmundardóttir skurðhjúkrunarfræðingur í Bolungarvík tók myndina af Súsönnu í fjallapríli á heimaslóð.

lifir að læknirinn þekkir til fjölskyldu og ættar hans. Það mætti segja að fyrir skjólstæðingnum sé læknirinn þá orðinn eins og Vestfirðingur, þó aðfluttur sé, en ekki bara einhver sérfræðingur að sunnan.

Þetta hefur einnig haft í för með sér að ég upplifi mig stundum til mikils ama fyrir sérnámsgrunnslækna og almenna lækna þegar mér berst símtal með beiðni um ráðgjöf. Ég spyr þá gjarnan: hvað heitir einstaklingurinn fullu nafni? hvað heita foreldrar hans? vitnin að atburðinum? hverra manna eru þau? og svo framvegis. Ég legg ekki á viðmælendur mína að útskýra fyrir þeim mikilvægi þessara upplýsinga, enda hafði ég lítinn skilning á því sjálf þegar ég flutti vestur. Ég veit hins vegar af fenginni reynslu að þetta hreinlega lærist hjá þeim með tímanum. Þó ég muni halda í heiðri þetta einkenni Vestfirðinga í anda Íslendingasagna get ég fullryrt að ég mun halda mig frá súrum hrútsþungum og rek ættir þess í stað.



Káþuna á Gísla sögu hannaði Erlingur Páll Ingvorsson.

